

Íbúaráð Grafarvogs

Ár 2021, miðvikudaginn, 3. febrúar, var haldinn 15. fundur íbúaráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 17:01. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1076/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Ásmundur Jóhannsson, Berglind Eyjólfsdóttir, Árni Guðmundsson, Baldvin Örn Berndsen og Aðalbjörg Albertsdóttir. Fundinn sátu einnig með fjarfundarbúnaði, Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Ingibjörg H. Sigþórsdóttir.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf dags. 2. febrúar 2021 vegna slembivalis í íbúaráð Grafarvogs. Aðalbjörg Albertsdóttir tekur sæti sem slembivalinn aðalmaður íbúaráði Grafarvogs í stað Aldísar Óskar Diego.

Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðalbjörg er boðin velkominn í íbúaráðið um leið og Aldísi er þakkað fyrir samstarfið.

2. Fram fer kynning á félagsauði í Grafarvogi.

Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Ragnari Harðarssyni er þakkað fyrir góða kynningu.

Ragnar Harðarson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

- Kl. 17.05 tekur Valgerður Sigurðardóttir sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Grafarvogs dags. 3. febrúar 2020 um afturköllun tillögu um breytingu á póstnúmeri Bryggjuhverfis.

Íbúaráð Grafarvogs dregur til baka tillögu sína um breytingu á póstnúmeri Bryggjuhverfis sem samþykkt var á 14. fundi ráðsins þann 6. janúar 2021. Eftir að upphaflega tillagan var samþykkt hófust miklar umræður um málið í Bryggjuhverfi og ákveðið var að taka málið fyrir á aðalfundi Bryggjuráðs, íbúasamtaka í Bryggjuhverfi. Var niðurstaða þeirra fundar að óskað yrði eftir því við íbúaráð Grafarvogs að draga tillöguna til baka. Vakin var athygli á því að frekari umræðu væri þörf í hverfinu ef fara ætti í breytingar á póstnúmeri hverfisins. Vill því íbúaráð Grafarvogs verða við þessari beiðni íbúa og draga upphaflega tillögu um breytingu á póstnúmeri til baka.

Samþykkt.

4. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs dags. 19. janúar 2021 – ósk um umsögn um Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030. Samþykkt að fela formanni í samráði við ráðið að skila umsögn fyrir tilskilinn frest.
5. Fram fer umræða um grenndargáma í Grafarvogi. Frestað.
6. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
7. Lagðar fram greinargerðir vegna styrkja úr Hverfissjóði. Þessi liður fundarins var lokaður.

- a) Fjöltnir/Verkefni eldri borgara – Korpúlfar
 - b) Fjöltnir/Porrablót Grafarvogs
8. Lagðar fram greinargerðir vegna Sumarborgar 2020 – hverfin. Þessi liður fundarins var lokaður
- a) Frjálsíþróttadeild Fjöltnis/Fjöltnishlaup Olís 2020
 - b) Frjálsíþróttadeild Fjöltnis/Vormót Fjöltnis 2020
 - c) Skátasamband Reykjavíkur/Hoppandi fjör við sundlaugar
9. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður. Samþykkt að veita verkefninu Áfram lestur! styrk að upphæð kr. 308.946,-
Samþykkt að veita Barna- og unglingaráði Fjöltnis styrk að upphæð kr. 120.000,-

Fundi slitið kl. 18:08

Ásmundur Jóhannsson

Berglind Eyjólfsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir
Aðalbjörg Albertsdóttir

Árni Guðmundsson
Baldvin Örn Berndsen